

9. stjórnarfundur EBAK haldinn þ. 10. október 2024 kl. 15.30

Mættir voru: Karl Erlendsson, Björn Snæbjörnsson, Karl Guðmundsson, Þóra Hjaltadóttir, Brynjólfur Ingvarsson, Margrét Marvinsdóttir og Valgerður Jónsdóttir. Forföll tilkynntu Sigurður Harðarson, Fjóla Sigurðardóttir og Margrét Alfreðsdóttir.

1. Undirritun fundargerða

Fundargerðir síðustu 2ja funda voru undirritaðar.

2. Sagt frá formannafundi LEB þ. 7. október

Formaður fundaði með formönnum LEB, þ. 7. október s.l. Þar var m.a. rætt um málþing Sambands ísl. Sveitarfélaga og stjórn LEB, sem verður þ. 17. október n.k. Þar verður rætt um öldungaráð.

Einnig var rætt um fundarferð formanns LEB og formanns kjaramálanefndar LEB um landið sem ganga vel og eru vel sóttir.

3. Bekkir í Kjarna

Í umboði stjórnar voru send bréf til allra Oddfellowstúkna á Akureyri þar sem leitað var eftir styrk til kaupa á bekkjum til að setja við göngustíga í Kjarnaskógi. Málið er í skoðun hjá stúkunum.

4. Umsókn um lóð á tjaldsvæðisreit

Svar kom frá skipulagsráði bæjarins við bréfi stjórnar EBAK, þar sem segir það ekki tímabært að úthluta ákveðnum svæðum á reitnum, en útfærsla málsins verði unnin í samráði við EBAK.

5. Lausir tímar í Birtu og Sölku

Nokkrir lausir tímar eru í Birtu og Sölku og áhugi er hjá stjórn EBAK að fá hugmyndir frá félagsmönnum um hvar áhugi þeirra liggur, og hverju er hægt að bæta við. Formanni var falið að láta útbúa hugmyndakassa. Forstöðumaður Birtu og Sölku styður framtakið.

6. Göngugreining, kynning

Lagt var fram bréf frá Göngugreiningu í Reykjavík sem býður upp á ókeypis kynningu, bréfið verður sent fræðslunefnd.

7. Símei – flóttamannakynning

Björn varaformaður fór á kynningu hjá Símei á vegum hóps sem er að samræma móttöku flóttafólks á Akureyri og hvernig hægt er að styðja við þá. Hér eru um 20 manns frá Úkraínu eldri en 60 ára. Hugmynd kom upp um að þeim verði boðið í Pálínukaffi líklega í Birtu. Rætt verður við starfsmenn félagsmiðstöðvanna og samræmingarhópsins um hvernig þessu skuli hagað.

Hjá Símei eru haldin hraðstefnumót þar sem Íslendingar mæta og tala við innflytjendur. Þau fá fjölbreytta hópa m.a. úr skólum og til greina kæmi að eldri borgarar legðu þessu málefni lið.

8. Vinnuhópur um lífsgæðakjarna

Lífsgæðahópur hefur lokið störfum og skilað skýrslu sem kynnt verður á næsta fundi. Helstu niðurstöður hópsins eru: Byggður skuli lífsgæðakjarni í Þursaholti þar sem einnig verður

KD BG KSZ BS
MAM MAM

hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð, Fanney Hauksdóttir var fengin til að gera drög að útlitsteikningum.

Á tjaldsvæðisreit og við Móasíðu verða m.a. íbúðir hannaðar fyrir aldrað fólk.

Sunnan Naustahverfis er svo stefnt að byggingu „lífsgæðakjarna“. Fulltrúar EBAK telja nauðsynlegt að mæla út land fljótlega.

9. Fundur með fulltrúum Öldungaráðs

Stjórnin mun funda með fulltrúum Öldungaráðs þ. 22.október kl. 15.

10. Önnur mál

Kynningarbæklingur

- a. Stjórnin samþykkti að taka þátt í gerð kynningarbæklinga um það sem er í boði fyrir eldri borgara á Akureyri, ásamt Félagsmiðstöðvunum og Virkum efri árum.

b. Félagsaðstaða EBAK


Stjórnin samþykkti að stefna að viðbyggingu við Birtu, Bugðusíðu 1. Bæjarstjóri bendir á að okkur sé velkomið að fá inni í Hofi fyrir stærri fundi/viðburði okkur að kostnaðarlausu.

c. Almennur félagsfundur

Félagsfundur verður haldinn þ. 20. nóvember, þá kynna nefndir og stjórnin störf sín og ræða við félagsmenn.

- d. **Opinn fundur verður með stjórn og félagsfólki í EBAK og bæjarfulltrúum þ. 23. Október nk.**

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16.45. Valgerður Jónsdóttir ritari.


Björn Steinar
Kjartan
Hanna
Edda
Margrjet H. Mann
Valg.
K. E. E. h. d.